



## Fangelsið Sogni

Umboðsmaður Alþingis  
Þórshamri, Templarasundi 5  
101 Reykjavík

15. nóvember 2021

*Vísað er til skýrslu umboðsmanns, dags. 14. apríl 2021, þar sem óskað var eftir að umboðsmaður yrði upplýstur um viðbrögð Fangelsismálastofnunar og fangelsisins Sogni. Hér eru upplýsingar um viðbrögð stofnunarinnar við skýrslu umboðsmanns.*

### 7. Valdbeiting, agaviðurlög og önnur inngríp í friðhelgi einkalífsins

#### Valdframsal forstöðumanns

*Fram kemur að endurskoða þurfi verklag þegar teknað eru ákvárdanir um agaviðurlög gagnvart föngum til að tryggja að slika ákvárdanir séu teknað af forstöðumanni og að ákvörðunin beri það með sér.*

Í framkvæmd þá er það forstöðumaður eða staðgengill hans sem taka ákvörðun um agaviðurlög. Hins vegar hefur komið fyrir að atvik eigi sér stað um helgi eða á öðrum frídögum og í slíkum tilvikum hefur forstöðumaður eða staðgengill áframsetnt ákvörðun um agaviðurlög í tölvupósti til hæstráðanda á staðnum til undirritunar. Ákvörðunin er því tekin af forstöðumanni eða staðgengli hans en þó ekki undirritað af þeim. Unnið er að því að koma á rafrænum undirskriftum til að auðvelda forstöðumanni og staðgenglum hans að gera slíkar ákvárdanir. Síðan þessi athugasemd Umboðsmanns var gerð, í drögum að skýrslunni, hefur forstöðumaður eða staðgengill hans undirritað allar ákvárdanir um agaviðurlög og mun gera það áfram.

#### Líkamsrannsókn og sýnataka

*Fram kemur að endurskoða þurfi verklag í tengslum við ákvárdanir um líkamsrannsókn á föngum og gera viðeigandi breytingar til að gæta að því að einstaklingbundið og heildstætt mat fari fram hverju sinni um hvort nauðsynlegt sé að beita slíku úrræði.*

Í opnum fangelsum er fremur fátítt að föngum sé gert að skila þvagsýni. Er slíkt gert nánast einungis vegna gruns um að menn séu undir áhrifum vímuefna, en ekki vegna reglubundins eftirlits. Alla jafna eru t.d. ekki tekin þvagsýni eftir heimsóknir eða dagsleyfi vegna reglubundins eftirlits eins og hefur tíðkast í lokuðum fangelsum. Áður en menn flytjast í opið fangelsi er þeim hins vegar gert að skila þvagsýni í því fangelsi sem þeir dvelja áður en af flutningi verður, enda hefur verið litið svo á að ein af

forsendum fyrir vistun í opnu fangelsi sé að menn séu ekki í virkri vímuefnaneyslu. Fangelsisyfirvöld hafa litið svo á að það séu málefnaleg rök fyrir þessari reglu. Í opnum fangelsum er eðli málssamkvæmt mun auðveldara að smygla inn vímuefnum og þegar slíkt gerist falla aðrir fangar, einn eða fleiri, nær undantekningalaust í freistni. Það er því til mikils að vinna að halda opnum fangelsum eins vímuefnalausum og hægt er.

### **Upplýsingagjöf til fanga**

*Fram kemur að bæta þurfi upplýsingagjöf til fanga við upphaf afplánunar um reglur sem fela í sér útfærslu á skyldum og réttindum og þarf að miða að því að þær séu kynntar föngum áður en afplánun hefst.*

Við upphaf afplánunar er einstaklingum kynntar helstu reglur í svokölluðum innkomubæklingi. Þar má m.a. finna reglur um vistun í opnum fangelsum. Áður en einstaklingar hefja afplánun á Sogni hittir varðstjóri þá og kynnir þeim aðstæður og fer yfir þær reglur sem þar gilda. Við upphaf dvalar er svo farið yfir með mönnum nákvæmlega þær húsreglur sem þar gilda sem og reglur um tölvu- og símanotkun. Að mati fangelsisyfirvalda hefur þótt hentugra að kynna mönnum þetta með þessum hætti heldur en að stækka innkomupakkann sem fangar fá við upphaf afplánunar, enda er þá, í flestum tilvikum, langt í það að menn komist í opið fangelsi. Hins vegar er ljóst að val einstaklinga um að sækja um afplánun í opnu fangelsi er líklegt til að grundvallast af þeim reglum sem þar gilda og þeim réttindum sem því fylgir og því rökrétt að þær upplýsingar sé að finna í innkomubæklingi. Sem stendur er ekki enn búið að bæta þessum upplýsingum við, en það verður gert við fyrsta tækifæri.

### **8. Aðbúnaður og umhverfi**

*Birta þarf upplýsingar um fæðisfé fanga og forsendur sem þar búa að baki eða gera þær aðgengilegar með formlegum hætti.*

Tekið er undir þetta sjónarmið og stendur til að bæta úr þessu og mögulega bæta þessum upplýsingum í innkomupakka.

*Bæta þarf öryggi í því herbergi í kjallara í aðalbyggingu sem notað er til að setja fanga í einangrun eða loka inni af öryggisástæðum. Taka þarf aðbúnað til skoðunar með það í huga að fangar geti ekki skaðað sig, m.a. með því að fjarlægja oddhvassa og brjótanlega hluti.*

Í dag er umrætt herbergi einungis notað til þvagsýnatöku. Ekki er gert ráð fyrir að einangra þurfi einstaklinga í opnum fangelsum. Ef slíkt þyrfti að gera af einhverjum ástæðum yrði það einungis í stutta stund, á meðan unnið væri að því að flytja viðkomandi í lokað fangelsi.

### **9. Virkni**

*Hvort sú afþreying og vinna sem stendur til boða í fangelsinu taki með fullnægjandi hætti mið af því að viðhalda góðri virkni fanga og leita leiða til að bæta þar úr og auka fjölbreytni innan þeirra marka sem húsnæði leyfir*

Stöðugt er unnið að því að auka fjölbreytni í afþreyingu og vinnu fyrir fanga. Sú breyting hefur orðið að verkstjórar í öllum fangelsum eru í meiri samskiptum og meiri samvinna er á milli þeirra. Þannig hafa störf færst á milli staða eftir hentugleika og umfangi auk þess sem fangar í lokuðum fangelsum hafa sumir hverjur geta tekið vinnuna með sér í opin fangelsi sem stuðlar að aukinni þátttöku.

## 10. Starfsfólk

*Fram kemur að fræða þurfi starfsfólk um viðbrögð við ofbeldi og veita þjálfun í valdbeitingu og viðhalda slikri þekkingu, eins fræðslu og þjálfun í skyndihjálp og viðbrögðum við eldboðum.*

Inn í nýju vaktkerfi starfsmanna er gert ráð fyrir fræðslu og þjálfun í reglulegum vinnutíma, sem gefur tækifæri á að tryggja samfellu í allri þjálfun og kennslu. Þegar hefur farið fram skoðanakönnun á meðal starfsmanna fangelsa um forgangsröðun í fræðsludagskrá og voru öll þessi atriði ofarlega á lista. Verður tekið mið af því í útgefinni fræðsludagskrá.

## 12. Upplýsingagjöf, skráning o.fl.

*Bæta þarf upplýsingagjöf til fanga þegar þeir hefja afplánun á Sogni þannig að þeim sé kynntur innkomubæklingur þegar þeir hefja vistun þar.*

Eins og fram kemur í skýrslu hefur verið litið svo á að ekki sé þörf á því að kynna mönnum innkomubækling við komu á Sogn þar sem slíkt er gert við upphaf afplánunar í fangelsinu á Hólmshetið. Hefur verið látið duga að kynna mönnum sérstaklega þær húsreglur sem gilda í fangelsinu, auk þess sem mönnum er nú sérstaklega kynntar „Reglur um fyrirkomulag og notkun nettengdra tölva og síma í opnum fangelsum“. Nú þegar hefur þeim tilmælum verið beint til starfsmanna í opnum fangelsum að þeir kynni mönnum sem þar hefja afplánun innkomubækling á ný eftir tilmæli umboðsmanns.

*Bæta þarf skráningu í vistunarskýrslum fanga og við ákvarðanir um agaviðurlög*

Gerðar hafa verið athugasemdir við skráningar við hinum ýmsu ákvarðanir í heimsóknum umboðsmanns í fangelsi landsins og hefur mikil áhersla verið lögð á að hafa þessa hluti í lagi. Þannig að þær séu teknar af réttum aðilum, undirritaðar með réttum hætti og varðveissttar þannig að hægt sé að kalla þær fram með litlum fyrirvara. Eru þessi mál í tölувvert betri málum en áður. Jafnframt er tekið mið af þessum ábendingum í þarfagreiningu nýrra upplýsingakerfa fyrir fangelsin.

*Gæta þarf að því að upplýsingagjöf til erlendra fanga um réttindi og skyldur þeirra sé í samræmi við þann lagaáskilnað að vera á tungumáli sem viðkomandi skilur*

Ljóst er að gera þarf betur hvað varðar upplýsingagjöf til erlendra fanga. Eins og staðan er núna hafa varðstjórar og aðrir starfmenn fangelsa verið hvattir til að fá túlkaþjónustu í auknum mæli. Til skoðunar stendur að senda umrætt efni í auknum

mæli í þýðingu ásamt því að starfsmenn eru hvattir til að kalla eftir túlkaþjónustu af minnsta tilefni.

Virðingarfullst  
  
Halldór Valur Pálsson  
Forstöðumaður fangelsisins Sogni